

Nd.

429. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Aftan við 1. grein bætist svohljóðandi nýr liður:

3. Bankinn flytji fje það ókeypis eftir þörfum, sem Landsbankinn þarf að fá flutt frá Kaupmannahöfn til Íslands eða frá Íslandi til Kaupmannahafnar, hvort sem þarf að flytja það samkvæmt bréfi, eða samkvæmt símskeyti.